



**Félag heyrnarlausra leitar stuðnings og samstarfs varðandi Norræna menningahátíð
heyrnarlausra árið 2026 á Íslandi.**

Félag heyrnarlausra á Íslandi mun samkvæmt Norrænu samkomulagi DNR(Dövas nordisk råd) halda hérlandis Norrænt mót fyrir döff eldri borgara árið 2025 og Norræna menningarhátíð döff árið 2026. Búist er við allt að 500 manns samtals á þessar tvær hátíðir sem verða haldnar í Hveragerði 2025 og Selfossi 2026. Þema stærri hátíðarinnar 2026 er menning, náttúra og fræðsla og er áætlað um 400 manns sæki hana sem verður haldin 4-9 ágúst 2026. Þar sem slíkur viðburður er stór og mikill og margir þurfa að leiða saman hesta sína í að gera slíka hátíð sem skilvirkasta og besta, leitum við hjá Félagi heyrnarlausra samstarfs með góðum fyrirtækjum í að gera slíka hátíð mögulega. Gerð verður heimasíða sem birta þarf dagskrá, bókanir og auglýsa stað og stund og skal hún tilbúin fljótlega á nýju ári 2024 og kynningarefni um og yfir hátíðina verður kynnt auk okkar stuðningsaðila að verkefninu á heimasíðuna og fjölmiðlum. Við munum að sjálfsögðu kynna verkefnið eftir því sem því framvindur og tekur á sig mynd. Þetta er stór og mikill viðburður og til að gera heyrnarlausu fólki allsstaðar af Norðurlöndunum mögulegt að heimsækja Ísland þarf að stilla verði í hóf. Til að vel megi vera förum við snemma af stað til að sjá hversu vel við getum komist frá þessu verkefni til að vel megi vera og fara.

Óskum við því eftir samstarfi við fyrirtæki yðar en áætlaður kostnaðarhlutur Félags heyrnarlausra við viðburðina á mann um 21 milljón króna. Kostnaðaráætlun verkefnisins liggur fyrir og miðast við netto kostnað fyrir utan aðgöngumiða til að standa straum af fyrirlesurum og öðrum kostnaði sem bætist á fyrirbyggjandi kostnað.

Með von um jákvæðar undirtektir,